

29

16. febr.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa Iðnaðarbanka Íslands h/f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 15 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fé þetta Iðnaðarbanka Íslands h/f með sömu kjörum og það er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

30

16. febr.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 41/1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofnlánadeildin skal, ef nauðsyn krefur og ríkisstjórnin óskar þess, veita bátaútvegsmönnum gjaldfrest á afborgunum þeim af stofnlánum vélbáta, sem féllu í gjalddaga 1. nóv. 1952, um eins árs skeið, og lengist lánstíminn í samræmi við það.

Verði gjaldfrestur veittur samkv. 1. mgr., frestast endurgreiðslur stofnlánadeildarinnar samkv. 6. gr. laganna til seðlabankans sem því svarar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.